

**25. fundur framkvæmdaráðs Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn á Hellu
4. apríl 1995 kl. 14.00.**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Páll Bjarnason, Arnar Árnason og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

1. Skoðunarferð að Strönd, urðunarsvæði Sorpstöðvar Rangæinga.
2. Ársreikningur 1994, áritaður af kjörnum skoðunarmönnum.
Vísað til aðalfundar.
3. Verksamningur við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða dags. 30.03.95.
Samningurinn staðfestur.
4. Drög að tillögum um gámastöðvar á Suðurlandi frá Verkfræðistofu Suðurlands.
Samþykkt að stefna að fundi föstud. 21. apríl kl. 10.00 með sveitarfélögum í Árnessýslu, þar sem lagðar verða fram útfærðar tillögur að gámastöðvum.
5. Erindi frá Grafningsshreppi, dags. 20. marz 1995., varðandi hugsanlega aðild að Sorpstöð Suðurlands.
Tekið jákvætt í erindið en varðandi svör við spurningum í erindinu er vísað til sameiginlegs fundar 21. apríl nk. sbr. 4. lið fundargerðar.
6. Ráðningarsamningur við Arnar Árnason.
Samningurinn staðfestur en samþykkt að miða skuli við launatöflu Verkstjórafélagsins.
7. Bílamál Sorpstöðvarinnar.
Arnar gerði grein fyrir helstu kostum í því sambandi. Gert er ráð fyrir kaupum á nýjum bíl með haustinu.
8. Tillögur að merki fyrir Sorpstöð Suðurlands.
Samþykkt að velja tillögu 1.

Fundi slitið kl. 15.30.

Að lokum þáði stjórnin kaffiveitingar í boði Rangárvallahrepps.

Þorvarður Hjaltason.

Karl Björnsson.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Guðmundur Hermannsson.
Arnar Árnason.